

VÉL201G – TÖLVUTEIKNING OG FRAMSETNING

Miðvikudagurinn 06. júní 2012, kl. 09:00–12:00


Hjálpargögn leyfð: Reiknivél og teikniáhöld.

Sýnið alltaf hjálpar- og vörpunarlínur. Merkið vörpunarplön, línur og enda þeirra. Skerpið á aðallínunum með dekkra blýi.


Frágangur hefur áhrif á einkunn.

— Merkið ykkur öll prófblöð! —


1. (10%) Teiknið upp eftirfarandi mynd. Veljið, notið og gefið upp viðeigandi kvarða. Sýnið aðferðafræðina – skiljið því eftir allar hjálparlínur og útskýrið aðferð ef ykkur finnst þörf á því.




3. (10%) Fullklárið fallmyndirnar hér fyrir neðan, þ.e. teiknið upp fallmyndirnar sem sýndar eru og þá sem vantar (merkt með X). Veljið, notið og gefið upp viðeigandi kvarða.



4. (10%) Gefnar eru tvær fallmyndir (önnur ókláruð) af tengistöng. Upphaflega var stöngin með 126mm þvermál en annar endinn var renndur niður í 62mm þvermál og til að koma í veg fyrir of háar spennur var þvermálið látið vaxa eftir 75mm hringferli frá 62mm yfir í upprunalega þvermálið. Að lokum voru fræstar sléttar hliðar á þann hluta sem hefur 126mm þvermál þannig að 88 mm urðu á milli hliðanna. Ykkar verkefni er að fullklára fallmyndirnar hér fyrir neðan, þ.e. teiknið þær upp og ákvarða skurðferilinn sem myndaðist milli fræsta hlutans og þess hluta stangarinnar þar sem þvermálið breytist. Veljið, notið og gefið upp viðeigandi kvarða.



5. (15%) Teiknið og fullklárið fallmyndirnar tvær hér fyrir neðan og útbúið útflatning af rörinu. Sýnið skilmerkilega aðferðirnar sem nýttar eru við lausn verkefnisins. Veljið, notið og gefið upp viðeigandi kvarða ásamt því að vanda frágang.



6. (25%) Útbúið ISO-metríska mynd af eftirfarandi hlut, öll mál eru í tommum. Snúið hlutnum þ.a. hliðin sem sýnd er á neðri fallmyndinni sé vinstra megin á myndinni, hliðin sem sýnd er á efri fallmyndinni snúi upp og punkturinn A snúi að áhorfanda (ekki á hlutnum). Sleppa má að teikna hulda kanta. Veljið, notið og gefið upp viðeigandi kvarða.

